

Þinggerð 49. Fjórðungspings Vestfirðinga dagana 3. og 4. september 2004 (Endurrit)

Árið 2004 þann 3. september kl. 13:00 var Fjórðungsping Vestfirðinga sett í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

1. Setning Fjórðungspings 2004

Formaður Fjórðungssambandsins Guðni Geir Jóhannesson setti þingið fyrir hönd stjórnar og bauð fundarmenn velkomna.

Formaður bar upp tillögu um þingforseta og ritara, var samþykkt með lófaklappi kjör Birna Lárusdóttur sem þingforseta og Ómars Mús Jónssonar sem varaforseta, Rögnu J. Magnúsdóttur sem ritara og Jennýjar Jensdóttur sem ritara til vara.

Birna Lárusdóttir tók til starfa sem þingforseti og kynnti breytingar á dagskrá: Framtíðarsýn á þróun atvinnulífs á Vestfirðum og áhrif þess á samfélag hefst kl. 16:35 og skýrsla starfshóps um samgöngumál hefst kl. 14:15, það var samþykkt.

Þingforseti bar upp tillögu um skipan í kjörbréfanefnd svohljóðandi: Þuríður Ingimundardóttir, Bryndís Friðgeirsdóttir og Guðjón Kjartansson, það var samþykkt með lófaklappi. Kjörbréfanefnd tók strax til starfa.

2. Skýrsla stjórnar:

Formaður Fjórðungssambandsins gerði grein fyrir störfum stjórnar á liðnu starfsári (þingskjal 4).

Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins kynnti endurskoðaðan ársreikning Fjórðungssambandsins 2003 og endurskoðaða fjárhagsáætlun 2004 og fjárhagsáætlun 2005. Hann las upp undirritun endurskoðanda. Hann gerði þá tillögu að ársreikningi 2003 og fjárhagsáætlunum væri vísað til fjármálanefndar þingsins. Engin athugasemd var gerð við tillöguna.

Formaður Kjörbréfanefndar, Þuríður Ingimundardóttir gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. **48 þingfulltrúar voru mættir** og voru kjörbréfin þeirra gild.

Eftirtaldir þingfulltrúar höfðu gild kjörbréf:

Sveitarfélag:	Aðalfulltrúar:	Heildaratkvæðavægi sveitarfélags:
Ísafjarðarbær	Áslaug J. Jensdóttir (varafulltrúi fyrir Inga Þór Ágústsson) Birna Lárusdóttir Bryndís Friðgeirsdóttir Guðni G. Jóhannesson Halldór Halldórsson Lárus G. Valdimarsson Magnús R. Guðmundsson Ragnheiður Hákonardóttir Svanlaug Guðnadóttir	4127
Bolungarvík	Bergur Karlsson Daðey S. Einarsdóttir Elías Jónatansson	1416

	Ketill Elíasson Ragna J. Magnúsdóttir Soffía Vagnsdóttir Sölvi R. Sólbergsson	
Vesturbyggð	Geir Gestsson Guðmundur Sævar Guðjónsson Kolbrún Pálsdóttir (Þuríður Ingimundardóttir fer með atkvæði hennar) Ólafur B. Baldursson Sonja Jónsdóttir Sigurður Viggósson Þuríður Ingimundardóttir	1073
Hólmavíkurbætur	Elfa Björk Bragadóttir Eysteinn Gunnarsson Haraldur V.A. Jónsson Kristín Einarsdóttir Valdemar Guðmundsson	988
Tálknafjarðarbætur	Ásdís Auðunsdóttir Björgvin Sigurjónsson Már Erlingsson	698
Reykholabætur	Egill Sigurgeirsson sat sem varafulltrúi fyrir Gústaf Jökul Ólafsson	566
Súðavíkurbætur	Albert Hreiðarsson Guðjón Kjartansson Jón Grétar Kristjánsson Sigurdís Samúelsdóttir Valgeir Scott	458
Kaldrananeshætur	Guðbrandur Sverrisson Jenný Jensdóttir Margrét Bjarnadóttir Sunna Einarsdóttir	375
Bæjarbætur	Sigurður Kjartansson	303
Árneshætur	Eva Sigurbjörnsdóttir	168
Broddaneshætur	Sigurður Jónsson	162

3. **Ávarp Árna Magnússonar félagsmálaráðherra.** (sjá erindi og ávörp)

4. **Ávörp gesta:**

a) Sturla Böðvarsson samgönguráðherra

- b) Jóhann Ársælsson alþingismaður
- c) Jón Bjarnason alþingismaður
- d) Bjarni Þór Einarsson framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Þingforseti las upp heillaskeyti í tilefni af þingi Fjórðungssambands Vestfirðinga frá stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

Nú tók Ómar Már við stjórn fundarins.

5. Samgöngumál:

Skýrsla starfshóps Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál. Formaður starfshópsins Birna Lárusdóttir kynnti skýrsluna.

Umræður: Til máls tóku:

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra.
Soffía Vagnsdóttir bæjarfulltrúi Bolungarvík
Guðrún Stella Gissurardóttir forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Vestfjarða
Guðni Geir Jóhannesson formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga
Guðmundur Sævar Guðjónsson Vesturbyggð
Guðjón Arnar Kristjánsson alþingismaður
Sturla Böðvarsson samgönguráðherra.

Skýrslunni um samgöngumál vísað til fjórðungsmálanefndar.

Hlé

Kl: 16:00 Birna Lárusdóttir tekur við fundarstjórn

6. Framtíðarsýn atvinnulífs á Vestfjörðum og áhrif þess á samfélög

- Fjármagn
- Nýsköpun
- Menntun
- Uppbygging nýrra atvinnugreina
- Samfélög í uppsveiflu

Framsögur fluttu:

- a) Grétar Þór Gréтарsson, forstöðumaður Byggðarannsóknarstofnunar Íslands
- b) Gunnar Vignisson, verkefnisstjóri hjá Þróunarstofu Austurlands
- c) Baldur Pétursson, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu
- d) Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Sparisjóðabanka Íslands
- e) Kristján Þ. Davíðsson, aðstoðarforstjóri HB-Granda
- f) Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri þróunarsvið Háskólans í Reykjavík

Framsögum lokið. (Framsögur þeirra og efni er að finna undir erindi og ávörp)

Pallborðsumræður – stjórnandi Karl Eskil Pálsson (ritað eftir segulbandi)

Hlé í 5 mínútur

Þingforseti bar undir þingið þá tillögu hvort ályktunum (sem dreift hafði verið til þingfulltrúa) væri vísað strax inn í nefndir án þess að þær væru lesnar upp fyrst eins og venjan er, til að spara tíma og var það samþykkt.

7. Kosning þingnefnda

Tillaga stjórnar um setu í nefndum:

Formaður fjórðungsmálanefndar: Guðmundur Sævar Guðjónsson

Formaður allsherjarnefndar: Haraldur V.A. Jónsson

Formaður fjármálanefndar: Sölvi R. Sólbergsson

Kjörnefnd: Sigurður Viggósson (formaður nefndarinnar)

Egill Sigurgeirsson

Jenný Jensdóttir

Daðey S. Einarsdóttir

Halldór Halldórsson

a) Mál lögð fram af stjórn Fjórðungssambandsins og með tillögu um vísan til nefnda.

Þórólfur Halldórsson leggur til að ályktunum í þingskjölum 12 og 13 verði frekar vísað til Fjórðungsmálanefndar í stað Allsherjarnefndar. Það er samþykkt af stjórn Fjórðungssambandsins.

Guðmundur Sævar Guðjónsson ber upp þá tillögu að ályktun í þingskjali nr. 6 og nr.18 verði vísað til allsherjarnefndar í stað fjórðungsmálanefndar.

Þingskjal nr.	<u>Allsherjarnefnd</u>
6.	Ályktun um fjármögnun háskólanáms og Þekkingarsetur Vestfjarða.
8.	Ályktun um verkefnaskiptingu og tekjustofna ríkis og sveitarfélaga.
9.	Ályktun um stuðning við atvinnuþróunarstarfsemi.
10.	Ályktun um afslátt af endurgreiðslu námslána.
11.	Ályktun um eflingu opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni.
15.	Ályktun um húsaleigubætur.
16.	Ályktun um umhverfisvöktun.
18.	Ályktun um Menntaskólann á Ísafirði.
	<u>Fjórðungsmálanefnd</u>
5.	Ályktun um tollalög
7.	Skipan fastanefndar um samgöngumál
12.	Ályktun að þéttingu GSM netsins.
13.	Ályktun um styttingu leiða frá Reykjavík til kjarnasvæða
14.	Ályktun um markaðsmál ferðaþjónustunnar
17.	Ályktun um samgöngumál
19.	Ályktun um aukin framlög til vegamála

Þinggerð og fundargerð ber ekki saman um vísun ályktana til nefnda – stuðst er við segulbandsupptöku.

Fjármálanefnd

3. Ársreikningur 2003
Fjárhagsáætlun 2005

Kjörbrefanefnd

2. Atkvæðavægi sveitarfélaga
1. Dagskrá 49. Fjórðungsþings
4. Skýrsla stjórnar

b) Mál lögð fram af þingfulltrúum

Þingskjal nr. Fjórðungsmálanefnd

20. Ályktun um vegamál

Klukkan 18:30 var þingfundi frestað til næsta dags kl.10:00. Þá tóku nefndir til starfa til kl. 19:30 og síðan aftur kl. 8:30 næsta dag.

Kvöldverður haldin á Hótel Ísafirði klukkan 20:00

Laugardagur 4.september

Kl. 10:00

8. Kynning stofnana á vettvangi sveitarfélaga á Vestfjörðum

Lagðar fram starfsskýrslur, forstöðumenn/framkvæmdastjórar sitja fyrir svörum.

Eftirtaldir sitja fyrir svörum:

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða: Aðalsteinn Óskarsson

Fræðslumiðstöð Vestfjarða: Smári Haraldsson

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða: Helga Friðriksdóttir

Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum: Elsa Arnardóttir

Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða: Guðrún Stella Gissurardóttir

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Vestfjörðum: Helga Jóhannsdóttir

Ferðamálasamtök Vestfjarða: Áslaug Alfreðsdóttir

Spurningar úr sal komu frá:

Guðna Geir Jóhannessyni til Áslaugar Alfreðsdóttur er varðar markaðsmál ferðaþjónustu.

Þuríði Ingimundardóttir til Helgu Jóhannsdóttur er varðar málefni fatlaðra

Guðmundi Sævari Guðjónssyni til Áslaugar varðandi markaðsmál ferðaþjónustu.

Birna Lárusdóttir til Aðalsteins Óskarssonar um kostnað vegna markaðsskrifstofu ferðamála

Birnu Lárusdóttur til Elsu Arnardóttur er varðar Fjölmenningarsetur.

Guðbrandi Sverrissyni til Helgu Jóhannsdóttur er varðar málefni fatlaðra.

Birnu Lárusdóttur til Helgu Friðriksdóttur er varðar heilbrigðismál og fjármál Heilbrigðiseftirlits.

Birnu Lárusdóttir til Smára Haraldssonar er varðar menntamál á Vestfjörðum og Þekkingarsetur. Smári segir frá útfærslum varðandi Þekkingarsetrið og telur mikilvægast í þessum málum að heimamenn hafi yfir þessu sjálfir að ráða.

Birnu Lárusdóttur til Guðrúnar Stelli Gissurardóttir er varðar átaksverkefni í atvinnumálum.

Birna þakkaði þeim sem sátu fyrir svörum, góð og greinargóð svör.

Hér tók Ómar Jónsson við fundarstjórn.

9. Efling sveitarstjórnarstigsins

Staða verkefnisins, störf sameiningarnefndar og tekjustofnanefndar.

Guðjón Bragason skrifstofustjóri Félagsmálaráðuneytisins og formaður sameiningarnefndar og Róbert Ragnarsson verkefnisstjóri hjá Félagsmálaráðuneytinu kynntu verkefnið og stöðu þess í dag. Þar kom fram í máli þeirra að starfshópur um eflingu sveitarstjórnarstigsins lagði fram tillögur og hugmyndir að tekju- og verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á fulltrúarráðsfundi sveitarfélaganna í apríl síðastliðinn. Sameiningarnefnd fundaði með öllum sveitarfélögum í landinu og hefur mótað tillögur að sameiningu sveitarfélaga. Þær tillögur verða ekki kynntar fyrr en niðurstaða hefur verið komin frá tekjustofnanefnd, þetta er að kröfu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nú hófust umræður. Eftirtaldir tóku til máls:

Guðni Geir Jóhannesson, Halldór Halldórsson, Magnús Reynir Guðmundsson, Elías Jónatansson, Birna Lárusdóttir og Aðalsteinn Óskarsson

Guðjón Bragason og Róbert Ragnarsson svöruðu spurningum fundarmanna.

Hádegisverður

Kl. 13:00

Birna Lárusdóttir tekur aftur við fundarstjórn.

Framhald af umræðum. Til máls tóku:

Guðmundur Sævar Guðjónsson, Guðni Geir Jóhannesson, Einar Örn Thorlacius, Halldór Halldórsson, Guðjón Arnar Kristjánsson, Ómar Már Jónsson, Guðbrandur Sverrisson og Aðalsteinn Óskarsson.

Birna Lárusdóttir fundarstjóri þakkaði þeim Guðjóni Bragasyni og Róberti Ragnarssyni ásamt öðrum gestum sem komið hafa og setið þingið með þingfulltrúum.

15:00 Kaffihlé

15:25 Þingfundi haldi áfram

10. Afgreiðsla mála frá nefndum.

Lagt fram af fjármálanefnd:

Þingskjal nr. 29 Ársreikningur 2003, endurskoðuð fjárhagsáætlun 2004 og
áður þingskjal nr. 3 fjárhagsáætlun 2005.
Framsögumaður: Sölvi Sólbergsson. Samþykkt samhljóða.

Lagt fram af allsherjarnefnd:

Þingskjal nr. 21 Ályktun um Þekkingarsetur Vestfjarða og fjármögnun
áður þingskjal nr. 6. háskólanáms.
Framsögumaður: Haraldur V. A. Jónsson. Samþykkt
samhljóða.

Þingskjal nr. 22 Ályktun um verkefnaskiptingu og tekjustofna ríkis og
áður þingskjal nr. 8 sveitarfélaga.
Framsögumaður: Haraldur V.A. Jónsson. Samþykkt
samhljóða.

Þingskjal nr. 23 Ályktun um stuðning við atvinnuþróunarfélög.
áður þingskjal nr. 9 Framsögumaður: Haraldur V.A. Jónsson. Samþykkt
samhljóða.

Þingskjal nr. 24 Ályktun um afslátt af endurgreiðslu námslána.
áður þingskjal nr.10 Framsögumaður: Haraldur V.A. Jónsson. Samþykkt
samhljóða.

Þingskjal nr. 25 Ályktun um eflingu opinberra verkefna og þjónustu á
áður þingskjal nr. 11 landsbyggðinni.
Framsögumaður: Haraldur V.A. Jónsson. Samþykkt
samhljóða.

Þingskjal nr. 26 Ályktun um húsaleigubætur.
áður þingskjal nr.15 Framsögumaður: Haraldur V.A. Jónsson. Samþykkt
samhljóða.

Þingskjal nr. 27 Ályktun um umhverfisvöktun.
áður þingskjal nr.16 Framsögumaður: Haraldur V.A. Jónsson. Samþykkt
samhljóða.

Þingskjal nr. 28 Ályktun um Menntaskólann á Ísafirði.
áður þingskjal nr. 18 Framsögumaður: Haraldur V.A. Jónsson. Samþykkt
samhljóða.

Lagt fram af fjórðungsmálanefnd

Guðmundur Sævar Guðjónsson gerðir grein fyrir störfum nefndarinnar og skiptingu mála á milli framsögumanna.

Þingskjal nr. 30 Ályktun um frumvarp til tollalaga
áður þingskjal nr.5 Framsögumaður: Ragnheiður Hákonardóttir. Samþykkt
samhljóða.

Þingskjal nr. 31.
áður þingskjal nr.7

Ályktun um skipan fastanefndar um samgöngumál.
Framsögumaður: Guðmundur Sævar Guðjónsson.
Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 32
áður þingskjal nr. 12

Ályktun um þéttingu GSM netsins
Framsögumaður: Ragnheiður Hákonardóttir.

Halldór Halldórsson leggur fram breytingartillögu við þingskjal 32 og var ályktunin samþykkt með þeim breytingum.

Þingskjal nr. 33
áður þingskjal nr. 14

Ályktun um markaðsmál ferðapjónustunnar
Framsögumaður: Þuríður Ingimundardóttir. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 34
áður þingskjöl 13,17,
19 og 20

Ályktun um samgöngumál
Framsögumaður: Þuríður Ingimundardóttir

Þórólfur Halldórsson ræddi málefni áður framkomins þingskjal nr. 20 og afgreiðslu fjórðungsmálanefndar á því máli, þ.e. að ályktun í þingskjali nr. 20 sé sameinuð í einni ályktun með ályktunum skv. þingskjölum 13, 17 og 19. Hann vildi að ályktun í þingskjali nr. 20, ályktun um vegamál, verði gert að sjálfstæðri ályktun að nýju.

Guðni Geir Jóhannesson telur að ályktun í þingskjali nr. 20 eigi fullan rétt á sér og hvetur þingfulltrúa að leggja fram ályktunina aftur.

Halldór Halldórsson tekur undir þetta.

Guðmundur Sævar Guðjónsson vill að ályktun í þingskjali nr. 20 verði lögð fram aftur.

Birna Lárusdóttir vill vísa áður nefndri ályktun í þingskjali nr. 20 til fastanefndar um samgöngumál.

Elías Jónatansson tekur einnig til máls er varðar ályktun í þingskjali nr. 20 og er sammála Birnu Lárusdóttur að vísa ályktuninni til fastanefndar um samgöngumál.

Guðmundur Guðlaugsson tekur til máls og leggur fram ályktun um vegamál.

Ályktunin verður í þingskjali nr. 35.

Þórólfur Halldórsson tekur til máls er varðar ályktanir í þingskjölum nr. 34 og nr. 35.

Þingskjal nr. 35.

Ályktun um vegamál.
Framsögumaður: Guðmundur Guðlaugsson.

Birna Lárusdóttir leggur fram tillögu þess efnis að þingskjali nr. 35 verði vísað til nýkjörinnar fastanefndar

um samgöngumál. Samþykkt með þorra greiddra atkvæða.

Lagt fram af kjörbréfanefnd

Pingskjal nr. 36

Tillaga kjörnefndar.

Framsögumaður: Sigurður Viggósson. Samþykkt samhljóða.

Tillögur kjörbréfanefndar:

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga:

Guðni Geir Jóhannesson, Ísafjarðarbær
Ragnheiður Hákonardóttir, Ísafjarðarbær
Þuríður Ingimundardóttir, Vesturbyggð
Elías Jónatansson, Bolungarvíkurkaupstaður
Haraldur V.A. Jónsson, Hólmavíkurhreppur.

Varstjórn:

Lárus G. Valdimarsson, Ísafjarðarbær
Ingi Þór Ágústsson, Ísafjarðarbær
Björgvin Sigurjónsson, Tálknafjarðarhreppur
Jón Grétar Kristjánsson, Súðavíkurhreppur
Egill Sigurgeirsson, Reykhólahreppur

Formaður: Guðni Geir Jóhannesson, Ísafjarðarbær

Skoðunarmenn:

Ólafur B. Halldórsson, Ísafjarðarbær
Guðmundur Björgmundsson, Ísafjarðarbær

Varaskoðunarmenn:

Daðey S. Einarsdóttir, Bolungarvíkurkaupstaður
Gísli Jón Hjaltason, Ísafjarðarbær

Fulltrúar á aðalfund Landsvirkjunar:

Ragnheiður Hákonardóttir, Ísafjarðarbær
Eysteinn Gunnarsson, Hólmavíkurhreppur
Björgvin Sigurjónsson, Tálknafjarðarhreppur
Egill Sigurgeirsson, Reykhólahreppur

Varafulltrúar:

Birna Lárusdóttir, Ísafjarðarbær
Ingi Þór Ágústsson, Ísafjarðarbær
Guðmundur Sævar Guðjónsson, Vesturbyggð
Sölvi Sólbergsson, Bolungarvíkurkaupstað

Heilbrigðisnefnd:

Jón Reynir Sigurvinsson, Ísafjarðarbær
Kristján G. Jóakimsson, Ísafjarðarbær
Kristján Arnarson, Bolungarvíkurkaupstaður

Jón Hörður Elíasson, Kaldrananeshreppur
Sigríður Karlsdóttir, Vesturbyggð

Varafulltrúar:

Hjalti Karlsson, Ísafjarðarbær
Hildur Halldórsdóttir, Ísafjarðarbær
Elfa Björk Bragadóttir, Hólmavíkureppur
Svanlaug Guðnadóttir, Ísafjarðarbær
Ingibjörg Kristjánsdóttir, Reykhólahreppur

Skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði:

Birna Lárusdóttir, Ísafjarðarbær
Anna Jensdóttir, Vesturbyggð

Varafulltrúar:

Sólrun Geirsdóttir, Bolungarvíkurkaupstaður
Lárus G. Valdimarsson, Ísafjarðarbær

Fastanefnd um samgöngumál:

Ísafjarðarsýsla:

Aðalfulltrúi: Sölvi R. Sólbergsson, Bolungarvíkurkaupstaður
Varafulltrúi: Birna Lárusdóttir, Ísafjarðarbær

Vestur Barðastrandasýsla:

Aðalfulltrúi: Þórólfur Halldórsson, Vesturbyggð
Varafulltrúi: Sigurður Viggósson, Vesturbyggð

Strandasýsla:

Aðalfulltrúi: Guðbrandur Sverrisson, Kaldrananeshreppur
Varafulltrúi: Valdemar Guðmundsson, Hólmavíkureppur

Austur Barðastrandasýsla:

Aðalfulltrúi: Einar Thorlacius, Reykhólahreppur
Varafulltrúi: Gústaf Jökull Ólafsson, Reykhólahreppur

Endurskoðendur:

Löggiltir endurskoðendur á Vestfjörðum, Guðmundur Kjartansson.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Birna Lárusdóttir óskaði nýrri stjórn og nýjum formanni velfarnaðar í starfi, einnig fastanefndar um samgöngumál.

Þá þakkaði Birna fundarmönnum fyrir samveruna og góða fundarsetu á þinginu, þakkaði hún og varaforseta þingsins Ómari Má Jónssyni og riturum þingsins gott starf í þágu þingsins.

Birna gaf Ómari Má Jónssyni orðið. Óskaði hann nýrri stjórn velfarnaðar í starfi og þakkaði góða fundarsetu og gaf orðið til Guðna Geirs Jóhannessonar.

Guðni Geir hinn nýkjörni formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga þakkaði það traust sem honum væri sýnt, óskaði hann stjórninni góðs gengis. Guðni þakkaði einnig þingforseta, varaþingforseta, riturum svo og starfsmönnum öllum fyrir gott starf í þágu þingsins og sagði 49. Fjórðungspingi Vestfirðinga slitið kl. 17:00.